



## Bæjarstjórn Blönduóssbæjar

### FUNDUR - 23. maí 2006

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar kom saman til 92. fundar þriðjudaginn 23. maí 2006 kl. 17:00 á bæjarskrifstofu. Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnaði honum. Fundinn sátu undirrituð.

#### Dagskrá:

1. Fundargerð jafnréttisnefndar frá 2. maí.
2. Fundargerð bæjarráðs frá 10. maí.
3. Fundargerð bæjarráðs frá 19. maí.
4. Fundarferð fræðslu,- íþrótt- og tómstundanefnd frá 10. maí.
5. Fundargerð fræðslu,- íþrótt- og tómstundanefnd 16. maí.
6. Kjörskrá vegna sveitarstjórnarkosninga 2006.

Forseti gerði að tillögu sinna að upp verði tekinn liðurinn önnur mál. Fundurinn samþykkti það.

#### Afgreiðslur:

1. Fundargerð jafnréttisnefndar í 1 lið frá 2. maí kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin borin undir atkvæði, hún var samþykkt með 7 atkv. samhljóða. Jafnréttisnefnd, Nína Margrét Pálmadóttir, Páll Ingþór Kristinsson og Jófríður Jónsdóttir voru mætt á fundinn og Nína formaður afhenti nú jafnréttisverðlaun fyrir árið 2005 en þau hlýtur Ráðunautabjónusta Húnaþings- og Stranda, sem með ráðningu á konum í hefðbundin karlastörf, stuðlað að jafnrétti kynjanna og gert með því vinnustaðinn hæfari til að sinna hlutverki sínu. Gunnar Ríkharðsson veitti verðlaununum viðtöku. Síðan drukku viðstaddir kaffi saman. Að því loknu véku jafnréttisnefndarmenn og Gunnar af fundi.
2. Fundargerð 161. fundar bæjarráðs í 7 liðum frá 10. maí kynnt og tekin til afgreiðslu. Þórdís Hjálmarsdóttir óskaði eftir því að bókað sé að hún situr hjá við afgreiðslu 5. liðar fundargerðarinnar. Fram var lögð svohljóðandi tillaga. *“Bæjarstjórn samþykkti að fresta afgreiðslu 2. liðar til næsta fundar bæjarstjórnar. Bæjarstjóra falið að kanna kosti þess að koma bæjarskrifstofum fyrir í húsnæði að Hnjúkabyggð 33, þegar endanleg þarfagreining liggur fyrir hjá sýslumannsembættinu”*. Tillagn borin undir atkv., hún var samþykkt með 7 atkv. samhljóða. Þá var fundargerðin borin upp og samþykkt með 7 atkv. samhljóða með fyrrnefndum fyrirvörum.
3. Fundargerð 162. fundar bæjarráðs í 12 liðum frá 19. maí kynnt og tekin til afgreiðslu. Valgarður Hilmarsson óskaði eftir að þetta yrði bókað vegna 12. liðar c. svohljóðandi. *“Vegna bókuar bæjarstjóra í tilefni af fyrirspurn Valdimars Guðmannssonar, á fundi bæjarráðs 10. maí og bókuar formanns bæjarráðs á fundi 19. maí vil ég taka undir bókun formanns bæjarráðs þar sem kemur fram að ekki hafa verið gerðir neinir samningar um annað en að bæjarstjóri starfi til loka kjörtímavilsins”*. Sigurður Jóhannesson óskar eftir að bókað sé að hann situr hjá við afgreiðslu 3. liðar, hann telur umsóknina ekki falla að reglum um úthlutun á byggðakvóta. Þórdís Hjálmarsdóttir óskar eftir að bókað sé að hún situr hjá við afgreiðslu 2. liðar. Bæjarstjóri óskaði eftir svohljóðandi bókun vegna liðar 12 a 1. *“Hér er einungis um upplýsingar um innlausnarverð landanna að ræða en að auki er um 400þús. kr. fjárhæð að ræða vegna skipulagsmála”*. Tillagan svohljóðandi. *“Bæjarstjórn samþykkir að vísa 3. lið fundargerðarinnar til næsta fundar”*. Tillagan borin upp og samþykkt með 7 atkv. samhljóða. Fundargerðin borin upp og samþykkt með 7 atkv. samhljóða með áorðnum breytingum.

4. Fundargerð fræðslu,- íþróttu- og tómstundanefndar í 3. liðum frá 10. maí kynnt og tekin til afgreiðslu. Svohljóðandi tillaga lögð fram v/ 3 liðar. *“Bæjarstjóra er falið að ljúka málinu vegna afþreyingar í sumar fyrir yngstu árganga grunnskólabarna”*. Samþykkt með 7 atkv. samhljóða. Fundargerðin þá borin upp og samþykkt með 7 atkv. samhljóða.
5. Fundargerð fræðslu,- íþróttu- og tómstundanefndar í 2. liðum kynnt og tekin til afgreiðslu. Svohljóðandi tillaga lögð fram. *“Bæjarstjórn samþykkir ráðningu Þórhöllu Guðbjartsdóttur í starf skólustjóra.”* Tillagan samþykkt með 7 atkv. samhljóða sem og fundargerðin í heild sinni.
6. Kjörskrá vegna sveitarstjórnarkosninga 2006. Á kjörskrá eru 331 karl og 333 konur eða alls 664. Bæjarstjórn samþykkir kjörskrána með 7 atkv. samhljóða.
7. Önnur mál.
  - a. Á-listi tilkynnir að varamaður í kjörstjórn er Ragnhildur Ragnarsdóttir, er kemur í stað Þórdísar Erlu Björnsdóttur

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:10

Valgarður Hilmarsson  
 Valdimar Guðmannsson  
 Ágúst Þór Bragason  
 Þórdís Hjálmarsdóttir  
 Jóhanna G. Jónasdóttir  
 Sigurður Jóhannesson  
 Guðmundur Ingþórsson  
 Jóna Fanney Friðriksdóttir

Ragnar Ingi Tómasson